

# 113. fundur skólanefndar ME

Þriðjudaginn 21. maí 2013 kl 17:00

Mætt:

Skólanefndarfulltrúar: Anna Björk Guðjónsdóttir, Gauti Jóhannesson, Ragnhildur Rós Indriðadóttir og Skúli Björn Gunnarsson. Esther Ösp Gunnarsdóttir boðaði forföll í dag. Áheyrnarfulltrúar: Jóney Jónsdóttir, f.h. starfsmanna, Anna Alexandersdóttir f.h. foreldra og Ásbjörn Þorsteinsson f.h. nemenda. Helgi Ómar Bragason skólameistari og Þorbjörn Rúnarsson, áfangastjóri og ritari.

Helgi Ómar bauð fólk velkomið og dreifði gögnum, fundargerð 112. fundar, yfirliti yfir breytingar á starfsmannamálum, yfirlitsblaði yfir umsækjendur um auglýst störf, ársreikningi fyrir 2012, yfirliti yfir fjárhagsstöðu í maí 2013 og sundurliðunarblaði yfir fjárhagsstöðu

## Dagskrá:

1. Staðfesting fundargerðar 112. fundar.
2. Kjör formanns skólanefndar ME
3. Starfsmannamál: Umsóknir um laus störf og umsóknir um launalaus leyfi.
4. Ársreikningur 2012 og fjárhagsleg staða skólans.
5. Önnur mál

Gengið til dagskrár

### 1. Staðfesting fundargerðar 112. fundar.

Helgi Ómar lagði fram fundargerð síðasta fundar. Hún hafði verið send þáverandi nefndarmönnum í tölvupósti og engar athugasemdir bárust. Fundargerð staðfest.

### 2. Kjör formanns skólanefndar ME

Helgi fór yfir 5. grein laga nr 92/2008 um framhaldsskóla, sem fjallar um skólanefndir, skipan þeirra og hlutverk. Gauti Jóhannesson leggur til að Skúli Björn Gunnarsson verði kjörinn formaður skólanefndar. Samþykkt samhljóða. Skúli Björn þakkar fundarmönnum traustið, minnir á að kjörið er til eins árs í senn, og tekur við fundarstjórn.

### 3. Starfsmannamál

Helgi Ómar fór yfir þær breytingar sem fyrirsjáanlegar eru hjá starfsmönnum skólans.

- a) Bára Mjöll Jónsdóttir snýr aftur í starf kennslustjóra fjarkennslu.
- b) Reiknað er með breytingum á vaktakerfi á heimavist skólans, dregið verði úr viðveru húsfreyja og því verði Baldvina Stefánsdóttir ekki endurráðin.
- c) Bryndís Ford hefur haft tímabundna ráðningu og á umsókn um starf við skólann.
- d) Cynthia Crawford snýr aftur til starfa úr launalaus leyfi.
- e) Eik Elfarsdóttir hefur starfað við skólann í 2 ár hefur sótt um fastráðningu.
- f) Freyja Kristinsdóttir var ráðin tímabundið án auglýsingar og er með umsókn um starf við skólann.
- g) Halldóra Tómasdóttir hefur starfað við skólann í tvo vetur og óskar fastráðningar

- h) Helga Jóna Jónasdóttir sækir um launalaust leyfi næsta vetur.
- i) Hildur Seljan hefur leyst enskukennara af síðustu tvo vetur en lýkur störfum við skólann í vor.
- j) Hjördís Einarsdóttir hefur starfað við skólann í tvö ár og er með umsókn um áframhaldandi starf.
- k) Jónína Rós Guðmundsdóttir hefur verið í leyfi frá skólanum á meðan á þingmennsku hennar stóð. Staða hennar er ófrágengin en að öllum líkindum snýr hún ekki aftur til starfa við skólann.
- l) Katrín Högnadóttir leysti Sigrúnu Árnadóttur þýskukennara af í vetur og snýr aftur til fyrri starfa í Grunnskólanum á Egilsstöðum.
- m) Lára Vilbergadóttir sækir um launalaust leyfi í vetur.
- n) Sigrún Árnadóttir var í launuðu námsleyfi í vetur og snýr aftur til starfa.
- o) Sigrún Hrafnadóttir fer í launað námsleyfi.
- p) Soffía Ingvarsdóttir er leiðbeinandi við skólann og á umsókn um áframhaldandi starf á undanþágu.
- q) Stefanía Kristinsdóttir var stundakennari í vetur og lætur af störfum.
- r) Tinna Halldórsdóttir óskar eftir fastráðningu.
- s) Þorbjörn Rúnarsson óskar eftir launalausum leyfi næsta skólaár.
- t) Þórey Hannesdóttir er enn í launalausum leyfi vegna veikinda.
- u) Auglýst er eftir ræstitæknum í störf frá hausti, þar sem reynsla af ISS er ekki talin nógu góð.

Helgi leggur til að Helga Jóna, Þorbjörn og Lára fái launalaust leyfi til eins árs. Skólanefnd gerir ekki athugasemdir við það.

Helgi leggur til að Eik, Halldóra og Tinna fái fastráðningu á grundvelli a.m.k. tveggja ára starfsreynslu. Nefndin gerir ekki athugasemdir við þá tillögu.

Helgi Ómar auglýsti nokkur störf í apríl. Umsóknarfrestur um þau er liðinn. Helgi leggur eftirfarandi til:

- a) að Árni Friðriksson verði ráðinn í 50% starf enskukennara.
- b) að Ingibjörg Jóhanna Jónsdóttir verði ráðin í 50-75% starf námsráðgjafa.
- c) að auglýsing verði framlengd um starf stærðfræðikennslu í efri áföngum, en Soffía Ingvarsdóttir verði ráðin ef ekki berast umsóknir frá réttindakennurum.
- d) að Ólöf Björk Óladóttir verði ráðin í starf þroskaþjálfara.
- e) að Rita Hvönn Traustadóttir verði ráðin í starf stuðningsfulltrúa
- f) að gengið verði til samninga við Árna Ólason um að gegna starfi áfangastjóra næsta vetur.
- g) að rætt verði við Hjördísi Einarsdóttur um áframhaldandi ráðningu við kennslu fornámsstærðfræði og stærðfræði á fyrsta þrepi.

Enn er verið að vinna með umsóknir um starf kennara í heimspeki og síðfræði

Engin umsókn barst um kennslu í efna- og jarðfræði. Ákveðið var að auglýsa jarðfræðikennsluna aftur en leysa kennslu í efnafræði með kennara innan skólans.

Skúli Björn spyr hvort um hafi verið að ræða margar umsóknir miðað við fyrri ár. Helgi telur þær hafa verið nokkru fleiri en í síðustu skipti.

#### 4. Ársreikningur 2012 og fjárhagsleg staða skólans.

Helgi kynnti ársreikning fyrir 2012. Ríkisframlag og tekjur námu alls kr. 333.197.620. Rekstrargjöld voru kr. 328.161.868. Rekstrarafgangur ársins var því kr. 5.035.752. Höfuðstóll í lok árs tæpar 20 milljónir. Helgi taldi skólann í nokkurri sérstöðu hvað varðar fjárhag. Helgi fór að auki yfir nokkrar lykiltölur í reikningnum, tekjur skólans, launakostnað og annan kostnað.

Skúli Björn óskar þess að skipulagsskrár skólasjóða verði lagðar fram og ræddar á næsta fundi skólanefndar.

Helgi kynnti samanburð rauntalna fyrir 2013. Rekstartölur ársins eru marktækar fram í aprílmánuð. Ekki sé hægt að nota maí sem viðmiðun þar sem þar vantar bæði rekstrargjöld og laun sem greidd eru í lok mánaðar. Miðað við stöðu í lok apríl er rekstur skólans örlítið undir áætlun, en líklegt er að reksturinn versni þegar frá líður á árinu. Ljóst er að viðbótarstarfskraftur vegna nýrra nemenda á starfsbraut mun auka kostnað frá og með hausti. Uppgjör ársins, í janúar 2014 gæti breytt stöðunni aftur.

#### 5. Önnur mál

- a) Skúli spyr hvenær næsti fundur sé ráðgerður. Helgi leggur til að haldinn verði fundur í júní vegna starfsmannamála. Lagt er til að funda 20. júní kl. 17, þó ljóst sé að kalla þurfi inn varamann fyrir Önnu Björk.
- b) Helgi telur að ekki þurfi að gera breytingar á gjaldskrá milli ára, en taka megí hana upp á næsta fundi nefndarinnar.
- c) Anna Björk spurði um ástæða þess að nemendum á heimavist fækki? Helgi telur ástæðuna fyrst og fremst þá að almenningssamgöngur hafa batnað, auk þess sem nemendur keyri meira á milli og sameinist í bíla. Ásbjörn, fulltrúi nemenda tók undir þessar skýringar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 18:30.

Fundargerð ritaði Þorbjörn Rúnarsson.